

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 13. desember 2019

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hálfur lífeyrir), 437. mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 9. desember sl., barst Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) ofangreint mál til umsagnar.


Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafði hálfur lífeyrir almannatrygginga fengið talsverða gagnrýni og höfðu LL meðal annars komið ábendingum til stjórnvalda á framfæri, sbr. hjálagt afrit bréfs dags. 27. febrúar 2018. Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þá gagnrýni og með það í huga þá styðja LL breytingarnar.

Æskilegt er að lagaskilyrðið um „hálf starf“ verði útfært nánar í settum reglum til að komast hjá erfiðum túlkunarvanda s.s. þegar aðilar vinna hluta úr ári en hafa árstekjur innan þeirra tekjumarka sem veita rétt til hálf lífeyris. Einnig er úrræðið þess eðlis að það mun reyna verulega á ráðgjöf til þeirra einstaklinga sem hafa hug á að nýta sér úrræðið.

Hálfur lífeyrir hefur það að markmiði að auka sveigjanleika í lífeyristöku sem er afar jákvætt en mikil umræða og kröfur hafa verið meðal almennings um að unnt sé að auka bæði sveigjanleika í starfi og við lífeyristöku. Frumvarpið er liður í þá átt og því ber að fagna.

Virðingarfyllst,

f.h./ Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri



Velferðarráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2018

**Efni: Hálfur ellilífeyrir almannatrygginga**

Þann 1. janúar 2018 tóku gildi ákvæði 4. - 7. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, sbr. 4. - 6. mgr. 2. gr. laga nr. 116/2016 sem heimila töku á hálfum áunnum ellilífeyri almannatrygginga. Gert er að skilyrði að viðkomandi hafi fengið samþykki fyrir hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum og að samanlögð áunnin réttindi verði að lágmarki jafnhá fullum ellilífeyri almannatrygginga. Samkvæmt 7. mgr. 17. gr. laganna skal ráðherra setja reglugerð um einstök atriði er varða framkvæmd ákvæðisins og var reglugerð um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar nr. 1195/2017 birt í Stjórnartíðindum þann 29. desember sl.


Um er að ræða nýmæli sem ætlað er að vera liður í því að auka sveigjanleika við töku ellilífeyris. Þar sem ákvæðið gerir það að skilyrði að lífeyrissjóðir veiti rétt á hálfum lífeyri er nú unnið að útfærslu á samþykktum lífeyrissjóða og er stefnt að því að samþykktabreytingar verði afgreiddar á aðalfundum sjóðanna nú í vor.

Talsverð gagnrýni hefur verið á úrræði þetta og hafa heyrst óánægjuraddir sem einkum beinast að því að sjóðfélagar þurfa að eiga nokkuð mikil réttindi í lífeyrissjóðum til að eiga þess kost að nýta sér úrræðið. Einnig hafa vaknað spurningar um það hvort ákvæðið hafi verið kostnaðargreint en fyrir liggur að þeir sem einkum hafa spurst fyrir um möguleika á hálfum lífeyri reynast vera einstaklingar sem eru með mikil réttindi í lífeyrissjóðum og jafnframt með aðrar tekjur. Þar sem greiðslur á hálfum lífeyri almannatrygginga eru óháðar öðrum tekjum virðist áhugi á úrræðinu einkum vera frá tekjuháum einstaklingum sem að óbreyttu hefðu ekki átt rétt að greiðslum almannatrygginga.

Stjórn LL tók málið til umfjöllunar á fundi sínum þann 20. febrúar sl. og var samþykkt að samtökin vektu athygli stjórnvalda á framangreindum áhrifum úrræðisins og þá einkum til að tryggja að úrræðið fengi viðunandi greiningu áður en það kæmi til framkvæmda.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

*Samrit sent:*

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu*